
Uppbygging ferðapjónustu og frístundabyggðar að Laxárbakka í Eyja- og Miklaholtshreppi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 12. desember 2025 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Laxárbakka Resort ehf. vegna uppbyggingar ferðapjónustu og frístundabyggðar að Laxárbakka samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 12.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Eyja- og Miklaholtshrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Lands og skógar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 16. desember 2025 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 16. desember 2025 til 14. janúar 2026.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Laxárbakki – Ferðapjónusta og frístundabyggð. Matsáætlun – Mat á umhverfisáhrifum. Verkís verkfræðistofa.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Eyja- og Miklaholtshreppi þann 14. janúar 2026,
- Fiskistofu þann 17. desember 2025,
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þann 14. janúar 2026,
- Landi og skógi þann 26. janúar 2026,
- Minjastofnun Íslands þann 16. janúar 2026,
- Náttúrufræðistofnun þann 15. janúar 2026,
- Náttúruverndarstofnun þann 16. janúar 2026,
- Vegagerðinni þann 9. janúar 2026.

Umhverfis- og orkustofnun taldi ekki ástæðu til að gera athugasemd við matsáætlunina og taldi að umfjöllun um vatnshlot í matsáætlun og fyrirhuguð umfjöllun í umhverfismatskýrslu væri fullnægjandi.

Þá bárust umsagnir frá Fuglavernd þann 14. janúar 2026, Landvernd þann 14. janúar 2026, Náttúrustofu Vesturlands þann 14. janúar 2026 og Ungum umhverfissinum þann 13. janúar 2026.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 10. febrúar 2026.



3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Laxárbakka Resort ehf. vegna uppbyggingar ferðapjónustu og frístundabyggðar að Laxárbakka og gerð er grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áformin felast í byggingu 45 herbergja hótels fyrir 90 gesti sem verður alls um 15.500 m² að stærð, um 5000 m² heilsumiðstöðvar ásamt um 1750 m² af opnum laugum, veitingastaðar um 650 m² að stærð, þjónustu- og starfsmannahúss sem verður um 3000 m² auk byggingar allt að 19 stakstæðra frístundahúsa alls um 14.600 m² að stærð sem byggð verða í samræmi við eftirspurn. Þá er gert ráð fyrir um 5.500 m² svæði fyrir bílastæði við starfsmanna- og þjónustuhús. Samkvæmt ofangreindu er heildarbyggingarmagn alls 45.000 m². Gert er ráð fyrir að veitingastaður taki við allt að 150 manns sem og heilsumiðstöð þar sem gert er ráð fyrir að veitingastaðurinn og heilsumiðstöðin verði aðeins aðgengileg gestum hótelsins og eigendum frístundahúsa. Í frístundahúsum er miðað við 4 gesti í hverju húsi eða alls 76 manns og hámarksfjöldi gistiþlássa á svæðinu yrði fyrir alls 166 manns. Að jafnaði er reiknað með að um 50–60 gestir verði á hótelinu á hverjum tíma og að um 30 manns dvelji í frístundahúsum. Gert er ráð fyrir að leggja 7 m breiða vegi, alls um 11,4 km að lengd, þar af verða 3 km utan lands Laxárbakka. Þá verða lagðir 5 m breiðir vegir/heimreiðar að frístundahúsum, alls 2 km. Auk ofangreinds verður lögð ný um 5 km löng niðurgráfin vatnslögn frá vatnsbóli við Miðhraun og 4,4 m löng niðurgráfin hitaveitulögn frá núverandi borholu við Eiðhús. Gert er ráð fyrir tveggja þrepa hreinsun fráveitu og áætlað að efnisþörf vegna framkvæmdanna verði milli 100.000 og 150.000 m³.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar framkvæmdaraðila.



Mynd 1. Fyrirhuguð uppbygging ferðapjónustu á Laxárbakka með hóteli, heilsulind, veitingastað, starfsmanna- og þjónustuhúsi ásamt stakstæðum frístundahúsum. (Úr matsáætlun).



4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að sá kostur sem lagt verði mat á í umhverfismati geri ráð fyrir að hótél, veitingastaður og heilsulind verði staðsett á gróðurlitlum melum eða þurrari svæðum á suðvesturhluta jarðarinnar. Stakstæð frístundahús hafa verið færð til innan jarðarinnar, frá upphaflegum áformum, og eru nú staðsett meðfram jöðrum hennar en í ljós kom við vettvangskönnun að svæði fyrir miðju jarðarinnar, þar sem áform voru um að staðsetja frístundahús, var mun votlendara en vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar gaf til kynna. Einnig hefur hótélbyggingin tekið breytingum og hefur verið stytta frá upphaflegum áformum, í þeim tilgangi að draga úr raski og áhrifum á votlendi. Þjónustu- og starfsmannahús verða á gömlum heimatúnum á norðausturhluta jarðarinnar þar sem land hefur verið framræst. Vegir verða lagðir að uppbyggingarsvæðinu en horfið hefur verið frá hringtengingu innan svæðis. Dreigið hefur verið úr umfangi veglagningar eins og kostur er til að draga úr raski og áhrifum á votlendi.

Náttúrufræðistofnun mælir eindregið með að settur verði fram valkostur til samanburðar sem felur í sér að uppbygging verði eingöngu á austurhluta svæðisins og umfang ráðist af því að lágmarka rask á samfelldu votlendi. Varhugavert fordæmi gæti skapast af því að heimila óbreytt áform á þessu verðmæta náttúruminjasvæði.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að varðandi valkosti í umhverfismati verði fjallað sérstaklega um staðsetningarvalkosti innan jarðarinnar, mismunandi umfang eða þéttleika byggðar, aðra útfærslu á vegakerfi, stígum eða aðkomu, valkosti varðandi dreifingu eða þéttleika mannvirkja, mismunandi útfærslur á baðaðstöðu og/eða heilsulind.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leitast hafi verið við að koma mannvirkjum fyrir á þurrari svæðum innan jarðarinnar. Einnig hefur verið leitast við að takmarka aðgengi að viðkvæmum svæðum. Við mat á umhverfisáhrifum verður fjallað um valkosti í útfærslu framkvæmdarinnar með það að markmiði að forðast eða lágmarka röskun á vernduðum vistkerfum eftir því sem unnt er.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Fyrir liggur að skv. fyrirbyggjandi kortlagningu að 86% jarðarinnar Laxárbakka er votlendi sem er skv. umsögn Náttúrufræðistofnunar í nokkuð góðu samræmi við þá uppfærslu sem nú er í vinnslu hjá stofnunni. Þar af leiðandi er það áskorun fyrir framkvæmdaraðila að staðsetja mannvirki af því umfangi sem fyrirhugað er þannig að ekki verði um að ræða talsvert rask á votlendinu. Í ljósi þessa og þeirra verndarákvæða annarra sem eiga við fyrirhugað framkvæmda- og áhrifsvæði telur Skipulagsstofnun að fyrir utan það að rekja ítarlegar



þær breytingar sem orðið hafa á fyrirhuguðum framkvæmdum frá fyrri áformum, þ.e. hvaða valkostir hafa verið skoðaðir m.t.t. staðsetningar samanber það sem kemur fram hér að framan, sé ástæða til í umhverfismatsskýrslu að fjalla einnig um valkost sem gerir ráð fyrir umfangsminni eða þéttari uppbyggingu sem hefði það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi, vistgerðir og fugla.

Fráveita

Í matsáætlun kemur fram að samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp skal allt frárennslisvatn fara í tveggja þrepa hreinsun áður en því er veitt í viðtaka. Ítarlegri hreinsun, en tveggja þrepa, þarf að fara fram ef viðtaki er viðkvæmur eða ef viðtaki nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndarsvæða. Við Laxárbakka eru þrjú viðkvæmir viðtakar: Laxá og Straumfjarðará, sem eru laxveiðiár, og Stakkhamarsós þar sem Stakkhamarnes lokar ósnum frá úthafinu og þynning mengunar því takmörkuð. Ef fráveita yrði losuð í þessa viðtaka yrði þörf á þriggja þrepa hreinsun frárennslisvatns. Annar kostur væri að nota siturbeð, sem algengt er á Íslandi. Grunnvatn á svæðinu er talið „síður viðkvæmt“ og þarfnast því ekki þriggja þrepa hreinsunar. Fyrir byggingar á Laxárbakka er fyrirhugað að nota tveggja þrepa hreinsun fráveitu við öll mannvirki með tilbúnum lausnum frá framleiðendum. Fyrir þá staði þar sem magn frárennslis er lítið, t.d. fyrir frístundahús, starfsmannahús, hliðhús og veitingastað, er hægt að setja upp hefðbundnar rotþrær með útrennsli í siturbeð. Fyrir meira frárennslismagn, eins og frá hóteli og heilsumiðstöð, þarf stærri og þróaðri hreinsistöð til að tryggja fullnægjandi hreinsun. Um væri að ræða svokallaða lífræna skólphreinsistöð sem byggir á loftun til að stuðla að líffræðilegu niðurbroti. Stærð og gerð hreinsivirkisins verður útfærð nánar á seinni stigum hönnunar. Áætlað heildar frárennslismagn frá svæðinu eru 330 persónueiningar. Gert er ráð fyrir að vatn í laugum í heilsulindinni verði klórað og síað af hreinlætisástæðum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki eigi einungis að fjalla um áhrif vegna fráveitu út frá lögum um stjórn vatnamála og þeim gæðapáttum sem lagðir eru þar fram. Umfjöllunin þarf einnig að vera um áhrif fráveitu við viðkvæm náttúru, s.s. fjörur, leirur eða vatnakerfi og mögulegra áhrifa fráveitu á lífríki, fuglalíf eða vistkerfi.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um fráveitur í matsáætlun að öðru leyti en að koma þarf skýrt fram í umhverfismatsskýrslu hvort að til standi að losa fráveitu í Laxá og Straumfjarðará og Stakkhamarsós þar sem í svörum er gert ráð fyrir að fjalla um í umhverfismatsskýrslu m.a. áhrif fráveitu á leirur og lífríki. Í umhverfismatsskýrslu þarf að öðru leyti að vera ítarlegri umfjöllun um fyrirkomulag fráveitu en er í matsáætluninni, m.a. hver verður stærð, gerð og staðsetning hreinsivirkis.

Skipulag

Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdin kalli á aðalskipulagsbreytingu og að samhliða henni verði unnið deiliskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í umsögn Eyja- og Miklaholtshrepps er bent á mikilvægi þess að að niðurstöður umhverfismats framkvæmdarinnar verði hafðar til hliðsjónar við vinnslu skipulagstillagna sem og álit Skipulagsstofnunar. Þá er hægt að bregðast við niðurstöðunum með viðeigandi útfærslu skipulags og skilmálum. Æskilegt er því að umhverfismati framkvæmdar verði lokið áður en skipulagstillögur verði afgreiddar. Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir að æskilegt sé að umhverfismati framkvæmdar verði lokið áður en skipulagstillögur verði afgreiddar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við þetta atriði.

Gróður og vistgerðir

Í matsáætlun kemur fram að niðurstöður greiningar á útbreiðslu vistgerða á Laxárbakka séu að mýrlendi er að finna á 86% jarðarinnar, graslendi á 7%, melar á 5% en mólendi á innan við 1%



hennar. Brokflóavist er langútbreiddust vistgerða í landi Laxárbakka. Ekki er talin þörf á frekari upplýsingaöflun um gróður og vistgerðir fyrir gerð umhverfismatsskýrslu. Fyrirliggjandi vistgerðarkort ættu að vera fullnægjandi og greiningar á blómplöntum sem gerðar voru af Árna Bragasyni og Róberti Ívari Arnarsyni hjá Náttúrustofu Suðausturlands ættu til samans að gefa góða mynd af tegundum á svæðinu. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um vistgerðir og plöntutegundir sem finnast á framkvæmdasvæðinu og um verndarstöðu þeirra. Horft verður til gróðurþekju, rakastigs og verndargildis vistgerða. Þá verður fjallað um verndargildi plöntutegunda sem finnast á framkvæmdasvæðinu auk þess sem í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum á gróður og vistgerðir sem njóta verndar og/eða hafa hátt verndargildi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að gróðurúttektir þær sem ráðist hafi verið í hafi allar farið fram utan þess tímabils þegar votlendisplöntur séu á hástigi vaxtar yfir sumarið, frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst og spyrja megi hvort þessar úttektir séu nægjanlegar til að gera flóru svæðisins góð skil. Er það ályktun úttektaraðila, Náttúrustofu Suðausturlands, að það sé ekki raunin þar sem gróður var kominn í sinu eftir sumarið þegar úttektin fór fram og ekki var hægt að greina til tegunda að fullnustu. Eins reyndist vera mun meira votlendi á svæðinu en gert hafði verið ráð fyrir við undirbúning úttektarinnar og því er það niðurstaða Náttúrustofunnar að mun meiri tíma þurfi á vettvangi til að skrá æðplöntur í votlendinu svo að fullnægjandi teljist. Náttúrufræðistofnun tekur undir þessa ályktun og leggur til að ítarlegri æðplöntuskráning verði unnin í landi Laxárbakka á vaxtartíma gróðurs þar sem tekið verður tillit til nýrra upplýsinga um útbreiðslu votlendisvistgerða og fyrirhugaðra framkvæmda. Er þetta einkum mikilvægt í ljósi þess að fyrir liggja fáar skráningar æðplantna frá svæðinu í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar og að svæðið hefur að geyma mjög víðfeðmt, lítt raskað votlendi á láglandi sem fellur undir sérstaka vernd skv. lögum um náttúruvernd sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Umsögn Náttúruverndarstofnunar er efnislega á sömu nótum en jafnframt er bent á að skv. lögum um náttúruvernd skuli við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Þá vekja Náttúrustofa Vesturlands, Landvernd og ungir umhverfissinnar í umsögnum sínum athygli á sambærilegum atriðum hvað varðar verndargildi svæðisins og þörf á frekari gróðurrannsóknnum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að grasafraeðingur muni fara um framkvæmdasvæðið í júlí 2026 og skrá æðplöntur á vettvangi. Sérstaklega verður leitað að sjaldgæfum plöntum og plöntum á valista Náttúrufræðistofnunar. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verður tekið mið af ákvæðum 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa. Þar verða áhrif framkvæmdarinnar á vistkerfi greind sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum laganna og þeim skilyrðum sem þar eru sett um brýna nauðsyn og aðra raunhæfa kosti. Fjallað verður um valkosti í útfærslu framkvæmdarinnar með það að markmiði að forðast eða lágmarka röskun á vernduðum vistkerfum eftir því sem unnt er.

Eins og komið hefur fram hér að framan munu fyrirhugaðar framkvæmdir verða á svæði sem er skv. athugunum að langmestu leyti votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til og er þá átt við brýna almannahagsmuni. Því er ljóst mikilvægi þess að fyrir liggja ítarlegar rannsóknir á gróðri og vistgerðum sem og upplýsingar um mótvægisáðgerðir til þess að draga úr og koma í veg fyrir neikvæð áhrif á votlendið. Eins og bent hefur verið á í umsögnum þar sem vitnað er til þess álits Náttúrustofu Suðausturlands, sem vann úttekt á gróðri og vistgerðum, um að ekki hafi verið hægt að greina m.a. æðplöntur í votlendinu til tegunda að fullnustu. Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun og fleiri umsagnaraðilar hafa tekið undir þetta álit Náttúrustofunnar og bent á nauðsyn frekari rannsókna og leggur Náttúrufræðistofnun til að ítarlegri æðplöntuskráning verði unnin í landi Laxárbakka á vaxtartíma gróðurs þar sem tekið verður tillit til nýrra upplýsinga um útbreiðslu votlendisvistgerða



og fyrirhugaðra framkvæmda. Fyrir liggur að framkvæmdaraðili hyggst fá sérfræðiaðila til þess að fara um framkvæmdasvæðið í júlí 2026 og skrá æðplöntur á vettvangi. Skipulagsstofnun tekur undir álit Náttúrufræðistofnunar um frekari rannsóknir og ofangreind áform framkvæmdaraðila en telur mikilvægt, í ljósi eðlis, viðkvæmni og verndargildis svæðisins, að fyrirhuguð rannsóknaráform verði borin undir Náttúrufræðistofnun. Í umhverfismatsskýrslu þarf að koma skýrt fram það rask sem verður á votlendi, bæði beint og óbeint rask, sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd sem og á vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi.

Fuglar

Í matsáætlun kemur fram að suðausturhluti jarðarinnar Laxárbakka og Stakkhamarsós sé innan svæðis sem skilgreint sé sem mikilvægt fuglasvæði og nefnist Borgarfjörður–Mýrar– Löngufjörur. Lítt raskað votlendi á jörðinni er búsvæði vaðfugla, þúfuttlinga og vatnafugla eins og lóma og óðinshana. Á ánum, sem afmarka jörðina, má búast við að finna straumendur og gulendur. Leirusvæðið og fjaran er búsvæði fyrir varpfugla eins og sandlóu og tjald auk þess að vera og mikilvægt fæðu- og fellisvæði fyrir álftrig og æðarfugl og fleiri andfugla. Farfuglar á leið milli landa s.s. margæsir, rauðbrystingar og sanderlur nýta leiruna sem og vaðfuglar sem hópa sig að hausti fyrir far á vetrarstöðvar. s.s. heiðlóur, lóuprælar og jaðrakanar. Þá er arnaróðal á jörðinni. Fram kemur að með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafi komið í umsagnarferli matskyldufyrirspurnar og hafi varðað upplýsingar um fuglalíf á Laxárbakka, hafi framkvæmdaraðili látið gera úttekt á þéttleika varpfugla á jörðinni auk talninga á Stakkshamarsósi bæði sumar og haust árið 2025. Stuðst verður við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar um fuglalíf við gerð umhverfismatsskýrslu. Ekki er talin þörf á frekari upplýsingaöflun um fuglalíf en í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þær fuglategundir sem finnast á framkvæmdasvæðinu og áhrifasvæði þess. Greint verður frá því hvaða tegundir séu líklegir varpfuglar og verndarstöðu tegunda. Umfang búsvæðaröskunar vegna framkvæmda verður metið og áhrif hennar á fuglalíf og stofnstærðir varpfugla á framkvæmdasvæðinu og á landsvísu. Fjallað verður um mótvægisáðgerðir í umhverfismatsskýrslu sem lúta að því að draga úr neikvæðum áhrifum á fuglavarp m.a. verður stígagerð haldið í lágmarki til að draga úr áhrifum á fuglavarp og umferð gesta beint frá viðkvæmum svæðum á varptíma. Metin verða áhrif á haförninn á framkvæmda- og rekstartíma og fjallað um möguleg áhrif rándýra á fuglavarp.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að um sé að ræða gríðarlega mikilvægt búsvæði fugla, bæði á landi og í fjörum. Leirurnar eru mikilvægar allan ársins hring og hafa sést stórir hópar vaðfugla á svæðinu. Fram hafa farið fjörutalningar síðsumars og að hausti en til að ná yfir notkun fugla á svæðinu þurfa að fara fram tíðar talningar að vori til, á tímabilinu 20. apríl - 31. maí, þar sem breytileiki í fjölda á milli talninga getur verið mjög mikill. Sérstaklega er mikilvægt að ná nokkrum talningum á stórstraumsfjöru. Nákvæm tíðni talninga að vori og val á útsýnisstöðum til talninga þarf að fara fram í samráði við Náttúrufræðistofnun vegna viðkvæmni arnarvarps á þeim árstíma. Endurtaka ætti einnig talningar síðsumars/að hausti, líkt og úttektaraðili stingur upp á, eða frá seinnipart júlí fram til loka september. Þá þurfa að fara fram nokkrar talningar yfir veturinn til að kanna dreifingu tjalda á svæðinu, bæði þegar er stórstreymi og smástreymi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé rétt að þéttleiki talninga nái ekki yfir breytileika í notkun fugla á svæðinu milli daga eða stöðu sjávarfalla. Hins vegar má ætla að talningar sem fram hafa farið á svæðinu á mismunandi árstíma lýsi vel hvaða tegundir nota svæðið og fara þar um. Þar sem engar byggingar verði nær fjöruborði en 50 m þá munu framkvæmdir ekki skerða leiruna. Einhverrar truflunar gæti gætt við framkvæmdir, en sú truflun mun verða tímabundin en þó má ætla að aukning verði á umferð gangandi manna á svæðinu umfram það sem nú er og geti valdið einhverri truflun. Hætt hefur verið við að byggja þylupall á jörðinni. Til stendur að framkvæma eina talningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori og eru þær talningar, auk þeirra sem til eru, taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar. Haft verður samráð við Náttúrufræðistofnun varðandi arnavarp við talningar að vori.



Náttúrufræðistofnun bendir ennfremur á að merki séu um fækkun í stofnum vaðfugla og nú er það svo að fimm af sjö algengustu tegundum vaðfugla hérlendis eru metnar vera í nokkurri hættu (VU) á nýruppfærðum válista fugla. Því er mjög mikilvægt að við ákvarðanir um uppbyggingaráform sem fela í sér rask að tekið sé ríkt tillit til búsvæða vaðfugla og helst forðast rask á vaðfuglaríkum svæðum og almennt forðast allt jarðrask á varptíma. Þá vekur Náttúrufræðistofnun máls á því að þrátt fyrir að bent hafi verið á að uppbyggingin sé skipulögð of nálægt arnaróðalinu fæst ekki betur séð en að hún hafi verið færð enn nær í nýju skipulagi. Jafnvel þó að uppbyggingin fylgi lögum um 500 m fjarlægð frá hafarnarhreiðrum er ljóst að hætta á truflun fyrir hafernina verður til staðar og mögulega mikil, sérstaklega í ljósi þess að þeir hafa hingað til verið í tiltölulega óröskuðu búsvæði með tilliti til mannaumferðar.

Framkvæmdaraðili bendir á að uppbyggingaráform gera ráð fyrir veitingastað og vegi að honum í yfir 600 metra fjarlægð frá arnaróðali og fylgir því lögum um fjarlægð þar að lútandi.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar er vakin athygli á nauðsyn frekari fuglarannsóknna á svipuðum nótum eins og Náttúrufræðistofnun bendir á og vakin athygli á að nota stofnþróun í viðmið í stað eða til viðbótar við algengi við mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fuglategundir. Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að leggja mat á jaðarsvæði framkvæmdasvæðisins, sér í lagi fjörur og leirur teknar þar sem um er að ræða mikilvæg fæðuöflunar- og áningarsvæði fyrir fjölmargar innlendar tegundir og farfuglategundir.

Í umsögnum Fuglaverndar, Náttúrustofu Vesturlands og Ungra umhverfissinna er vakin athygli á mikilvægi svæðisins fyrir fjölda fugla af ólíkum tegundum og að þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru munu að öllum líkindum rýra verulega notagildi svæðisins fyrir þá fugla. Fuglavernd bendir á nauðsyn frekari rannsókna eins og Náttúrufræðistofnun gerir og að kanna þurfi hvort að á ánum sé að finna straumendur, gulendur eða aðra vatnafugla. Framkvæmdaraðili svarar því til að fyrirhugaðar framkvæmdir munu ekki ná til ána á svæðinu að frátalinni lagningu vatnsleiðslu yfir Laxá og verða mannvirki í meira en 50 m fjarlægð frá Laxá. Náttúrustofan bendir á að vel sé þekkt að hafernir séu einstaklega viðkvæmir og yfirgefi varp við minnstu truflun. Val þeirra á hreiðurstöðum fjarri mannaferðum ber þessu vitni.

Náttúrustofan gerir athugasemdir við fyrirbyggjandi fuglaúttektir og telur að gera eigi þá kröfu að fuglar í og við Stakkhamarsós verði taldir að lágmarki vikulega frá miðjum apríl til maíloka (fartími að vori) og svo aftur vikulega frá 20. júlí – 10. október auk þess sem telja þurfi í ósnum nokkrum sinnum í febrúar og mars. Jafnframt bendir Náttúrustofan á að auk tilkomu bílaumferðar er augljóst að fólk mun ganga um svæðið í grennd við byggingarnar, m.a. eftir göngustígum sem lagðir verða. Þetta mun valda truflun fyrir fuglalíf, bæði við Stakkhamarsós, á arnaróðali og á nærliggjandi varpsvæðum mófugla. Truflunin virkar á sambærilegan hátt og truflun frá afræningjum, þ.e. hún eykur streitu og lækkar þar með varpárangur og lífslíkur fuglanna. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þarf að leggja magnbundið mat á tap varpfugla og mögulega fækkun fugla á Stakkhamarsósi að teknu tilliti til breytingar á svæðinu og truflunar af mannavöldum. Í umsögn ungra umhverfissinna er efnislega bent á sambærileg atriði.

Fyrir liggur að fyrirhugað framkvæmda- og áhrifasvæði er innan bæði svæðis á B og C-hluta náttúruuminjaskrár vegna mikilvægis þess fyrir fuglalíf, auk þess að vera innan mikilvægs fuglasvæðis skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar. Um er að ræða mikilvægt bú- og varpsvæði fyrir fugla sem og fæðuöflunar- og hvíldarstaður fyrir bæði íslenska varpfugla og umferðarfugla á leið til og frá hánorrænum varpstöðvum. Þá er arnaróðal í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda er einsýnt að fuglar kunna að missa búsvæði sín auk þess að geta orðið fyrir talsverðri truflun þó að það sé jákvætt skref í þessu tilfelli af hálfu framkvæmdaraðila að hætta við að byggja þyrlupall á framkvæmdasvæðinu. Í ljósi þess sem rakið er hér að framan er mikilvægt að fyrir liggi sem ítarlegastar rannsóknir á fuglum til þess að leggja til grundvallar mati á hugsanlegum áhrifum á fugla í umhverfismatskýrslu. Skipulagsstofnun bendir á



Í því sambandi að mikilvægt er að leggja mat á áhrif á jaðarsvæði, þ.e. þau svæði sem verða ekki fyrir beinni röskun vegna framkvæmda en þar sem fuglar geta orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna truflunar bæði á framkvæmda- og rekstartíma, t.d. leirurnar í Stakkhamarsósi. Skipulagsstofnun tekur einnig undir umsögn Náttúruverndarstofnunar á þörf á að nota stofnþróun sem viðmið í stað eða til viðbótar við algengi við mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fuglategundir. Náttúrufræðistofnun, Náttúrustofa Vesturlands og Fuglavernd hafa bent á að ráðast þurfi í frekari rannsóknir og tekur Skipulagsstofnun undir ábendingar þessara aðila og telur að í því skyni að ná yfir notkun fugla á svæðinu þurfi að fara fram tíðar talningar að vori til, á tímabilinu 20. apríl - 31. maí, þar sem breytileiki í fjölda á milli talninga getur verið mjög mikill. Sérstaklega er mikilvægt að ná nokkrum talningum á stórstraumsfjöru. Þá þarf að endurtaka einnig talningar síðsumars/að hausti eða frá seinnipart júlí fram til loka september. Jafnframt þurfa að fara fram nokkrar talningar yfir veturinn til að kanna dreifingu tjalda á svæðinu, bæði þegar er stórstreymi og smástreymi. Nákvæm tíðni talninga að vori og val á útsýnisstöðum til talninga þarf að fara fram í samráði við Náttúrufræðistofnun vegna viðkvæmni arnarvarps á þeim árstíma.

Vatn og vatnshlot

Í matsáætlun kemur fram að í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot hafi Verkís unnið skimun á áhrifum framkvæmdar á vatnshlot. Framkvæmdasvæði við Laxárbakka liggur innan grunnvatnshlotsins Miklholtshreppur (104-273-G) og afmarkast af straumvatnshlotunum Laxá (104-16-R) og Straumfjarðará 1 (104-17-R) í norðri og Blöndulæk í suðri en hann er ekki skilgreindur sem vatnshlot. Fráveita frá laugum í heilsumiðstöð verður að hluta leidd í Stakkhamarsós, sem er innan árósvatnshlotsins Löngufjörur 2 (104-40-T). Grunnvatnshlotið Miklholtshreppur (104-273-G) er skráð sem gropinn vatnsveitir með miðlungs grunnvatnsstreymi. Ekkert álag er skráð á vatnshlotið og bæði magnstaða og efnafræðilegt ástand þess eru óþekkt. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand straumvatnshlotanna Laxár og Straumfjarðarár 1 er óflokkað/óþekkt. Ekkert skráð álag er á þessi vatnshlot, en árnar eru laxveiðiár og teljast viðkvæmir viðtakar. Sama gildir um Stakkhamarsós innan árósvatnshlotsins Löngufjörur 2. Neysluvatn fyrir starfsemina verður sótt í vatnsból sem staðsett er við Miðhraun norðan Þjóðveggar. Þetta vatnsból er í notkun og hefur verið tekið út af starfsmönnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna annarrar starfsemi. Góð þekking er til staðar á lífríki Straumfjarðarár og Laxár. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á Straumfjarðará í gegnum tíðina, bæði seiðarannsóknir og úttekt á botngerð og uppeldisskilyrðum laxfiska. Til að meta líkleg áhrif framkvæmdanna á vatnafar og lífríki í vatni verður stuðst við fyrirliggjandi gögn um vatnalíf. Aflað verður umsagnar viðkomandi veiðifélags eða sérfræðialits um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki í vatni og aðstöðu til veiði. Leitað verður sérfræðialits til að meta áhrif á árósvatnshlotið við strandlengjuna og innan Stakkhamarsóss. Í umhverfismatsskýrslu verður gert áhrifamat og gerð frekari grein fyrir áhrifum á vatnshlot, þ.m.t. hvort framkvæmdin og hugsanleg afleidd áhrif hennar geti orðið til þess að umhverfismarkmiðum laga nr. 36/2011 verði ekki náð.

Í umsögn Landverndar er bent á að það sé grundvallaratriði að vinna ítarlegt mat á viðtökum við strandlengjuna við áhættuþáttum uppsöfnunar frá sérstaklega þá fráveitu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um vatnafar og vatnshlot í matsáætlun og tekur undir álit Umhverfis- og orkustofnunar að fyrirhuguð umfjöllun í umhverfismatsskýrslu, byggð á áhrifamati í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar væri fullnægjandi.

Landslag og ásýnd

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að greina umfang rasks, ásýndarbreytingar og sýnileika nýrra mannvirkja til að meta möguleg áhrif framkvæmda á einkenni landslags á svæðinu. Greindur verður sýnileiki mannvirkja og mikilvægar sjónlínur þeirra sem fara um svæðið og í nágrenni við það. Teknar verða ljósmyndir sem endurspeglar þessar sjónlínur, núverandi ásýnd svæðisins séð frá



mikilvægum stöðum og unnar líkanamyndir sem endurspeгла ásýnd svæðisins að framkvæmdum loknum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við mat á áhrifum á landslag og ásýnd en gerir ráð fyrir að sýnd verði sjónarhorn/sjónlína frá Þjóðvegi 54 auk annarra og að í umhverfismatskýrslu verði kort sem gefi til kynna staðsetningu sjónarhornanna.

Samfélag útivist og ferðaþjónusta

Í matsáætlun kemur fram að aflað verði gagna til að meta áhrif af uppbyggingu og reksturs ferðaþjónustu á Laxárþakka á samfélag og atvinnulíf á svæðinu, svo sem hvort framkvæmdin sé líkleg til að auka fjölbreytni atvinnulífs, auka þol samfélagsins gagnvart breytingum og stuðla að samheldni og sáttum í samfélaginu. Aflað verður upplýsinga um ferðaleiðir og útivist í nágrenni framkvæmdasvæðisins, en einkum er um að ræða för fólks um Löngufjörur og metið hvort ný mannvirki á Laxárþakka séu líkleg til að breyta upplifun útivistarfólks á ferðaleiðum í nágrenni við framkvæmdasvæðið.

Náttúrustofa Vesturlands bendir á að sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafi að mörgu leyti verið í fararbroddi þegar komi að umhverfismálum undanfarna áratugi. Birtingarmyndir þess eru m.a. að þau geta státað sig af því að bera umhverfivottun EarthCheck (áður Green Globe) frá árinu 2008 og árið 2025 varð Snæfellsnes að vistvangi UNESCO (Man & Biosphere). Eitt af mikilvægustu markmiðum slíks starfs er varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni en ekki verður annað séð en að fyrirhugaðar framkvæmdir á Laxárþakka gangi freklega gegn því markmiði og að ná mætti markmiðum framkvæmdarinnar á mun umhverfisvænni hátt. Samþykkt sveitarfélagsins á framkvæmdinni í þessari mynd hlýtur því að ógna áðurnefndum tveim vottunum.

Skipulagsstofnun telur óvíst hvaða gagna eigi að afla til þess að meta áhrif á ferðaþjónustu, útivist og samfélag. Stofnunin leggur áherslu á að í umhverfismatskýrslu séu ítarlegar upplýsingar um hvaða gögn voru lögð til grundvallar mati á þessa þætti. Skipulagsstofnun telur æskilegt að leitað væri eftir viðhorfum hjá íbúum, ferðamönnum og ferðaþjónustuaðilum til fyrirhugaðrar uppbyggingar til þess að byggja matið á.

Reykjavík, 3. mars 2026

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

